

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. maí 2021

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um viðspyrnustyrki og lögum um tekjuskatt (framhald úrræða og viðbætur), 769. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 5. maí þar sem óskað var umsagnar SA um málið. Með frumvarpinu er m.a. fjallað um rýmkun á skilyrðum sem gilda um lokunar- og viðspyrnustyrki. SA telja efni frumvarpsins til bóta og styðja að það verði að lögum. Samtökin vilja hins vegar benda á eftirfarandi.

Í 4. gr. laga um viðspyrnustyrki nr. 160/2020 koma fram skilyrði sem rekstraraðili þarf að uppfylla til að eiga rétt á viðspyrnustyrk. Í 3. ml. 1. tl. 4. gr. segir að við sérstakar aðstæður megi nota annað tímabil til viðmiðunar sýni rekstraraðili fram á að það gefi betri mynd af tekjufalli hans en viðmiðunartímabil skv. 1. – 2. ml. Í athugasemdum greinargerðar eru tekin dæmi um sérstakar aðstæður. Það er mikilvægt að í framkvæmd sé ekki einblínt á þau tilvik sem þar eru talin upp í dæmaskyni heldur sé metið í hverju tilviki hvort að skilyrði séu uppfyllt. Það er til dæmis brýnt að tekið sé tillit til ungra fyrirtækja með stutta rekstrarsögu sem glíma þó sannanlega við tekjufall vegna Covid. Þannig verði tekið tillit til þeirra viðmiðunartímabila sem þau fyrirtæki gefa upp og telja gefa betri mynd af tekjufalli sínu.

Í nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar með breytingartillögu um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki frá 10. desember 2020 segir:

Hvetur meiri hlutinn til þess að við framkvæmd úrræðisins verði eins liðlegri nálgun beitt við túlkun þessa skilyrðis og kostur er þannig að slík tilvik falli innan ramma laganna. Verði í slíkum tilvikum horft til markmiðsákvæðis laganna við túlkun.¹

Það er mikilvægt að öll framkvæmd laganna taki mið af þessu sjónarmiði. Þannig verði skilyrði ekki túlkuð þröngt heldur umsóknir metnar í samræmi við það markmið að rekstraraðilar sem hafa orðið fyrir tekjufalli vegna heimsfaraldursins geti haldið áfram lágmarksstarfsemi á meðan áhrifa faraldursins gæti. Að mati samtakanna þarf að koma fram í greinargerð með frumvarpinu að framkvæmd skuli hagað með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

¹ Varðaði skilyrði 4. tl. 4. gr. laganna.